

Nd.

220. Nefndarátt

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Í frumvarpi þessu er svo til ætlast, að launaviðbætur barnakennara eftir þjónustualdri og dýrtíðaruppbót þeirra greiðist af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum. Einnfremur að skólanefndir og fræðslunefndir geti sagt kennurum upp.

Launaviðbætur kennara eftir þjónustualdri eru miðaðar við það, hvað hlutaðeigandi hefir verið lengi í þjónustu ríkisins sem kennari, án tillits til þess, hvað hann hefir kent lengi við sama skóla. Það virðist því rjett, að ríkið greiði þessar uppbætur. Öðru máli er að gegna um dýrtíðaruppbótina. Hún er bein uppbót á laununum vegna núverandi dýrtíðar og greidd vegna þess, að launin hafa ekki fult gildi. Það virðist því vera eðlilegt, að dýrtíðaruppbót sje greidd af sömu aðiljum og launin. Sjer minni hluti nefndarinnar því ekki ástæðu til að leggja á móti þessu atriði, þó hann hinsvegar játi, að sparnaður af slíkri breytingu mnnði ekki verða mikill raunverulega.

Minni hlutinn lítur svo á, að vald til að segja upp stöðn eigi að vera í höndum þess sama og stöðuna veitir, og getur því ekki fallist á 3. gr. frumv.

Viða í sveitum hagar svo til, að ekki er þörf á barnakennara allan veturinn; er rjett, að þeir kennarar, sem þannig ekki kenna fullar 24 vikur, njóti þó hlutfallslega sömu launa og aðrir kennarar. Leggur því minni hluti nefndarinnar til, að ákvæði um þetta verði tekin upp í lög.

Samkvæmt ofanrituðu leggur minni hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfylgjandi

BREYTINGUM :

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo :

Aftan við stafið e. í 9. gr. laga nr. 75, 28. nóv. 1919, komi:
Standi skólinn skemur, lækka launin hlutfallslega.

2. Við 3. gr. Greinin falli burt.

Greinatalan breytist samkv. þessu.

Alþingi, 25. mars 1924.

Bernh. Stefánsson,
frsm.

Jón Kjartansson.